



Nr. 10

REGLUGERÐ

Um leikskýrslur

1. gr.

Fyrir hvern leik í mótum á vegum ÍHÍ eða aðildarféлага þess skal gera leikskýrslu. Form leikskýrslu skal vera byggt á leikskýrslum IIHF. Leikskýrslan skal vera tölvuunnin og fær til nota í miðlægan gagnagrunn ÍHÍ.

2. gr.

Á leikskýrslu skal skrá nöfn allra leikmanna auk þjálfara, liðsstjóra og starfsmanna leiksins.

3. gr.

Fyrir alla leiki í Íslandsmóti er heimilt að útfylla leikskýrslur í einriti. En þá skal útbúa 3 afrit fyrir liðin og dómara leiksins. Frumrit skal skannað inn og sent til ÍHÍ eða það afhent eftirlitsdómara eða aðaldómara og skal það hafa borist skrifstofu ÍHÍ innan 24 klst. eftir að leik er lokið.

4. gr.

Verði misbrestur á afhendingu gagna er aganefnd heimilt að sekta hlutaðeigandi aðila um allt að 5.000 kr.

5. gr.

Heimilt er að nota miðlægan varinn gagnagrunn til skráningar og varðveislu á leikskýrslum.

Samþykkt á Íshökkíþingi, 11. maí 2019.